

Borgarráð 14. nóvember 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verktaka hjá þjónustu og nýsköpunarsviði MSS24110077

Hversu margir verktakar hafa verið ráðnir hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði undanfarin 2 ár til þess að sinna daglegum störfum og eru með tölvupóstfang á vegum Reykjavíkurborgar? Hvernig eiga stjórnslög við verktaka sem hafa fengið borgarpóstfang og umboð til þess að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar með störfum sínum sem verktakar innan sviðsins? Á hvaða kostnaðarstaði og / eða kostnaðarlykla eru laun verktaka á vegum sviðsins færð? Hefur verið kannað hvort launakjör og aðbúnaður þeirra erlendu verktaka sem starfa fyrir sviðið séu í samræmi við lög og kjarasamninga í viðkomandi landi? Hafa verið gerðir persónuverndarsamningar við þá erlendu aðila sem hafa starfað fyrir sviðið?